

# Lög Verkalýðsfélags Vestfirðinga

## NAFN FÉLAGSINS OG HLUTVERK

### 1. grein.

Félagið heitir Verkalýðsfélag Vestfirðinga, - Verk-Vest.

### 2. grein.

Félagssvæðið er Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Ísafjarðarbær, Súðavíkurbreppur, Hólmavíkurbreppur, Kaldrananeshreppur Árneshreppur, Broddaneshreppur og Bolungarvíkurkaupstaður vegna verslunarmanna.

### 3. grein.

Varnarþing félagsins er Pólgata 2, 400 Ísafirði og rekur það þjónustuskrifstofur á Hólmavík, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal, og Patreksfirði. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Vestfjarða, Alþýðusambandi Íslands, svo og sérsamböndum sem við á og eru í Alþýðusambandi Íslands.

## TILGANGUR FÉLAGSINS

### 4. grein.

Tilgangur félagsins er að efla og styrkja hag og menningu launafólks á því svæði sem félagið nær yfir með því meðal annars:

- a) Að skipuleggja innan sinna vébanda allt það launafólk, er vinnur á starfssvæði félagsins við þau störf, sem kjarasamningar félagsins ná til, sbr. 5. grein.
- b) Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör þeirra og aðbúnað á vinnustað og gæta þess að ekki sé gengið á rétt þeirra.
- c) Að standa vörð um réttindi og hagsmuni félagsmanna í atvinnumálum.
- d) Að hafa vinsamlegt samstarf við önnur verkalýðsfélög, Alþýðusamband Vestfjarða og Alþýðusamband Íslands.
- e) Að stuðla að því að félagsmenn geti notið orlofs og annarra frístunda sem best til hvíldar og menningarauka.
- f) Að vinna að hverskonar fræðslu- og menningarmálum, sem beint eða óbeint geta komið félagsmönnum til góða.
- g) Að vinna að bættri félagsmálalöggjöf og framgangi þeirra mála, sem verða mega til þess að auka réttindi og bæta kjör alþýðu manna um land allt.

## 5. grein.

Félagið kappkostar að standa vörð um hagsmunamál allra þeirra, sem búsettir eru á félagssvæðinu og hafa sér til lífsframfæris vinnu í eftirtöldum starfsgreinum eða öðrum hliðstæðum, sem til staðar eru eða skapast kunna:

- a) Allt það verkafólk, sem vinnur að lestun og losun skipa og hverskonar annarra flutningatækja, svo og móttöku og frágangi farma.
- b) Allt það verkafólk sem vinnur að vinnslu og sölu sjávarafurða.
- c) Allt það verkafólk, sem vinnur sem aðstoðarmenn fagmanna í iðnaði, svo sem ófaglært fólk í hvers konar iðnaðarframleiðslu, í byggingariðnaði, þar með talið það verkafólk sem, sem vinnur að húsbyggingum og efnisflutningum í sambandi við húsbyggingar, svo og aðstoðarmenn fagmanna í járníðnaði, skipasmíði, blikksmíði og öðrum þungaiðnaði.
- d) Allt það verkafólk, sem vinnur að hafnargerð, vegagerð, skurðgrefttri, ræktun hverskonar, heyvinnu, alidýrarækt og hverskonar öðrum bústörfum og efnisflutningum í sambandi við nefndar starfsgreinar.
- e) Allt það verkafólk, er starfar í þjónustu ríkisins eða sveitarfélaga og samningar félagsins ná til.
- f) Allt verkafólk við olíu- og bensínstöðvar.
- g) Allt verkafólk við nóta- og netavinnu og veiðarfæragerð hverskonar.
- h) Allt verkafólk annað, sem vinnur að framleiðslu og flutningum.
- i) Allt starfsfólk sjúkrahúsa, heilsuhæla, dvalarheimila og annarra hliðstæðra stofnana, svo sem heimilisaðstoð, liðveitendur og aðra aðstoð við aldraða og fatlaða, og samningar félagsins ná til.
- j) Allt ófaglært starfsfólk veitinga- og gistihúsa og við hverskonar ferðaþjónustu.
- k) Allt verkafólk, sem vinnur við ræstingar, þrif og hreingerningar.
- l) Bifreiða- og tækjastjórnendur sem stjórna tækjum í eigu annarra.
- m) Allt iðnverkafólk.
- n) Allt verkafólk sem vinnur við fjarvinnslu, skráningu og hliðstæð störf.
- o) Verslunar- og skrifstofufólk.
- p) Sjómenn (háseta, matsveina og vélstjóra).
- r) Byggingariðnaðarmenn.

## DEILDASKIPTING

### 6. grein.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga samanstendur af 14 deildum, Verkalýðsfélaginu Baldri, Verslunarmannafélagi Ísafjarðar, Sjómannafélagi Ísfirðinga, Sveinafélagi byggingamanna, Verkalýðsfélaginu Skjöldur Flateyri, Verkalýðs- og sjómannafélaginu Súgandi Suðureyri, Verkalýðsfélaginu Brynja Þingeyri, Verkalýðsfélaginu Vörn Bíldudal, Verkalýðs- og sjómannafélagi Tálknafjarðar, Verkalýðsfélagi Patreksfjarðar, Verkalýðs- og sjómannafélaginu Grettir Reykhólum, Verkalýðs- og sjómannafélagi Kaldrananeshrepps Drangnesi, Verkalýðsfélagi Hólmavíkur og Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga Súðavík. Deildirnar kjósa sér á árlegum aðalfundi sínum 3ja manna stjórn, formann, varaformann og ritara, og 3 varamenn þeirra. Skal formaður vera forsvarsmaður og fulltrúi félagsins á hverju deildarsvæði. Aðalfundi deilda skal halda í desember.

Deildirnar fara með sérmál hvers deildarsvæðis og geta gert tillögur til félagsstjórnar um hvert það málefni, er þær kjósa. Allar fundargerðir deilda skulu sendar félagsstjórn, sem tekur endanlega afstöðu til þeirra tillagna sem þar koma fram. Kostnaður af starfsemi deildanna greiðist úr félagssjóði, skv. samþykktri fjárhagsásætlun en allar meiriháttar fjárskuldbindingar verða áður að hljóta samþykki félagsstjórnar. Deildarstjórnir sjá um kosningu eða skipun trúnaðarmanna á vinnustöðum, hver á sínu deildarsvæði. Félagisstjórn getur falið deildarstjórnnum að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði, t.d. að hafa umsjón með allsherjaratkvæðagreiðslum.

Stjórn félagsins er heimilt að veita viðtöku öðrum stéttarfélögum, sem kunna að ganga til liðs við félagið og breytist þá þessi grein í samræmi við það. Þær deildir sem þannig kunna að bætast við fá full réttindi innan félagsins við næsta stjórnarkjör í félaginu og breytast þá 2. og 14. grein í samræmi við það.

Trúnaðarmannaráð skal í öllum tilvikum staðfesta slíkar gerðir stjórnar og þarf til þess  $\frac{2}{3}$  atkvæða.

## UM RÉTT TIL INNGÖNGU Í FÉLAGIÐ, AUKAÆDILDAR OG ÚRSAGNAR

### 7. grein.

Rétt til inngöngu í félagið hafa allir launþegar sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Er starfandi í einhverri þeirri starfsgrein sem samningar félagsins ná til.
- b) Eru fullra 16 ára að aldri.
- c) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan A.S.Í., sem viðkomandi hefur verið í.

Heimilt er að taka í félagið sem aukafélag verkafólks, sem er félagar í öðru verkalyðsfélagi, en vinnur um stundarsakir á félagssvæðinu í einhverri þeirri starfsgrein, sem félagið hefur samningsrétt fyrir. Aukafélagar greiða fullt félagsgjald og hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Þeir hafa öll réttindi skv. a – f. lið 10. gr. nema atkvæðisrétt og kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra félagasambanda sem það er aðili að.

Hafi félagsmaður ekki stundað vinnu sem tilheyrir samningssvæði félagsins í 12 mánuði samfleytt, skal hann skoðast sem aukafélagi og honum tilkynnt það skriflega, nema hann greiði félagsgjald af vinnu sinni.

### **8. grein.**

Sá sem óskar inngöngu í félagið skal senda skrifstofu þess eða trúnaðarmanni skriflega inntökubeiðni og telji starfsmenn félagsins hann uppfylla skilyrði í 4. gr., er þeim heimilt að afhenda honum félagsskírteini, en með þeim fyrirvara þó, að næsti fundur trúnaðarmannaráðs samþykki inntökubeiðnina. Synji trúnaðarmannaráð hins vegar einhverjum um inngöngu í félagið getur sá hinn sami skotið málinu til félagsfundar. Synji félagsfundur um inngöngu í félagið getur aðili skotið málinu til framkvæmdastjórnar viðkomandi sérsambands sem félagið er aðili að, eða miðstjórnar A.S.Í., en úrskurður félagsfundar gildir þar til framkvæmdastjórn sérsambands eða miðstjórn A.S.Í. hefur úrskurðað annað.

### **9. grein.**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og gerð grein fyrir ástæðu hennar. Hún skal afhent formanni deildar eða skrifstofu ásamt félagsskírteini viðkomandi.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst, eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu eða trúnaðarmannaráði, og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi innan ASÍ, er lagt hafa niður vinnu vegna kjaradeilu.

## **UM RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGSMANNA**

### **10. grein.**

Réttindi fullgildra félagsmanna eru eftirfarandi:

- a) Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum, svo og kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra félagasambanda sem það er aðili að.
- b) Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins, svo sem nánar er ákveðið í reglugerðum þeirra.
- c) Réttur til að vinna við þau störf sem kjarasamningar félagsins taka til og eftir þeim kjörum sem samningarnir ákveða hverju sinni.

- d) Réttur til afnota af orlofshúsum félagsins og öðrum sameiginlegum eignum eftir því sem reglugerðir og samþykktir félagsins kveða nánar á um.
- e) Réttur til að sækja námskeið á vegum félagsins, eða samtaka sem það er aðili að.
- f) Réttur til aðstoðar vegna vanefnda atvinnurekenda á kjarasamningum og til annarrar þjónustu sem félagið getur veitt varðandi atvinnu- og réttindamál.

Skyldur félagsmanna eru þessar:

- a) Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum og stuðla að því að aðrir geri það.
- b) Að greiða félagsgjöld samkvæmt samþykktum félagsins.
- c) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, nema einhver sú ástæða hamli sem félagsfundur tekur gilda. Enginn getur, nema hann beri fram afsökun sem félagsfundur tekur gilda, skorast undan að taka kosningu í stjórn eða útnefningu til annarra starfa í þágu félagsins. Þó getur starfandi stjórnarmaður, sem verið hefur samfelld 3 ár eða lengur í stjórn félagsins, skorast undan stjórnarstörfum í jafnlangan tíma. Sama gildir um önnur trúnaðarstörf fyrir félagið.
- d) Að stuðla að því að ófélagsbundnir menn, sem eiga rétt til inngöngu í félagið, gerist félagsmenn.

## **FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI**

### **11. grein.**

Félagsgjöld eru ákveðin af aðalfundi og skulu þau innheimt sem ákveðinn hundraðshluti af launum.

Þegar ársreikningar félagsins eru gerðir upp, skal það yfirfarið, hvað hver og einn hefur greitt í félagsgjald á næstliðnu ári og eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

- a) Þeir sem greitt hafa á árinu félagsgjald, sem svarar til gjalds af a.m.k. 30% launa miðað við laun skv. taxta sérhæfðs fiskvinnslufólks eftir 7 ára starf, verða áfram á skrá sem fullgildir félagsmenn.
- b) Þeir sem greitt hafa minna en 30%, reiknað á sama hátt og skv. a- lið, færast á aukaskrá og njóta þá ekki kosningaréttar né kjörgengis innan félagsins. Greiði þeir aftur á móti 30% gjalds eða meira á næsta ári, færast þeir aftur á aðalskrá.
- c) Þeir sem ekkert hafa greitt til félagsins í tvö ár skulu strikaðir út af félagaskrá, nema sannað sé að veikindi, skólaganga eða langvarandi atvinnuleysi sé orsök þess að þeir hafa ekki unnið á starfssvæði félagsins.

Þrátt fyrir framanskráðar reglur skulu þeir, sem orðnir eru 67 ára að aldri, og hafa verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár, halda fullum félagsréttindum þótt þeir hverfi af vinnumarkaði.

### **12. grein.**

Öllum félagsmönnum er skylt að eiga félagsskírteini, enda félagsstjórn skylt að láta þau í té. Skírteini aukafélaga skulu jafnan bera annan lit en skírteini aðalfélaga. Við inngöngu á félagsfundi ber félagsmönnum að sýna skírteinið ef formaður og/eða fundarstjóri krefjast þess.

### **13. grein.**

Ef félagsmaður er sakaður um brot á lögum félagsins skal málið tekið fyrir á stjórnarfundi, sem ákveður hvort veita skuli áminningu eða víkja félagsmanni brott úr félaginu með einföldum meirihluta atkvæða. Hver sá maður er rækur úr félaginu í lengri eða skemmri tíma sem að álitum stjórnarfundar hefur unnið gegn hagsmunum félagsins, bakað því tjón eða gert því eitthvað til vansa, svo og hver sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu í félaginu.

Úrskurði stjórnar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til félagsfundar, en úrskurður stjórnar gildir þar til félagsfundur hefur ákveðið annað.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til framkvæmdastjórnar viðkomandi sérsambands og/eða miðstjórnar A.S.Í., en úrskurður félagsfundar gildir þar til framkvæmdastjórn sérsambands eða miðstjórn A.S.Í. hefur úrskurðað annað.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögætum fundi trúnaðarmannaráðs eða félagsfundi.

## **SKIPUN STJÓRNAR**

### **14. grein.**

Stjórn félagsins skipa 18 menn: Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, sem kosnir eru í allsherjaratkvæðagreiðslu ásamt fjórum varamönnum. Ennfremur formenn fjórtán deilda félagsins. Í forföllum deildarformanna taka varaformenn deilda sæti þeirra.

## **VERKEFNI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARMANNARÁÐ O.FL.**

### **15. grein.**

Innan félagsins skal starfa trúnaðarmannaráð, sem í eiga sæti allir aðalmenn í félagsstjórn og varamenn þeirra og ennfremur 30 félagsmenn sem eru sérstaklega kosnir til setu í ráðinu.

Kosning fjögurra stjórnarmanna, trúnaðarmannaráðs, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna, svo og kosning fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða og sérsambanda, skal fara fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu og í samræmi við reglugerð A.S.Í. um slíkar atkvæðagreiðslur. Skal þess gætt að haga atkvæðagreiðslu svo, að félagsmenn njóti sem jafnastrar aðstöðu til að neyta atkvæðisréttar sins án tillits til búsetu.

Skylt er að haga uppástungum um skipan trúnaðarmannaráðs þannig, að þar eigi sæti minnst einn félagsmaður hvernar deildar fyrir hverja 50 félagsmenn í deildinni og að a.m.k. séu tveir fulltrúar fyrir hverja deild.

Trúnaðarmannaráð gegnir störfum samninganefndar félagsins.

Samninganefnd ákveður þann fjölda nefndarmanna sem hún kveður til samningaviðræðna hverju sinni.

Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess. Formaður kveður trúnaðarmannaráð til funda, þegar honum þykir ástæða til, eða félagsstjórn ákveður og skylt er honum að boða til fundar ef þriðjungur trúnaðarmannaráðs óskar þess skriflega og tilgreinir fundarefni.

Trúnaðarmannaráðsfundur er lögmætur ef meirihluti meðlima þess er mættur.

Í október annað hvert ár skal á fundi í trúnaðarmannaráði kjósa kjörnefnd fyrir félagið. Sex félagar skulu eiga sæti í kjörnefnd. Kjörnefnd gerir tillögur um féлага í allar trúnaðarstöður félagsins fyrir næstu tvö ár á eftir. Kjörnefnd skal hafa lokið störfum í síðasta lagi 15. janúar og afhendir þá stjórn félagsins tillögur sínar.

Fyrir 1. febrúar annað hvert ár skal stjórn félagsins halda trúnaðarmannaráðsfund, þar sem tillögur kjörnefndar skulu kynntar og síðan bornar undir trúnaðarmannaráð til afgreiðslu. Skal hver staða á lista kjörnefndar borin upp sérstaklega og skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg ef breytingartillaga eða tillögur koma fram um lista kjörnendar. Að lokinni tilnefningu trúnaðarmannaráðs auglýsir stjórn félagsins hverjir skipi listann, sem ætíð skal vera A-listi. Listanum skulu fylgja meðmæli 25 fullgildra félagsmanna. Frá því að listi trúnaðarmannaráðs er auglýstur hafa félagsmenn 14 sólarhringa frest til að bera fram aðra lista, eða tillögur um einstök stjórnarsæti sem kjósa skal um. Hver sá listi eða tillaga er fullgild, sem fram kemur innan þess tíma og hefur skriflegt samþykki allra þeirra sem boðnir eru fram og meðmæli 25 fullgildra félagsmanna. Listar skulu afhentir kjörstjórn. Um framkvæmd fer eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslu.

Allsherjaratkvæðagreiðsla vegna stjórnarkjörs skal fara fram í byrjun mars. Þegar allsherjaratkvæðagreiðsla hefur verið ákveðin í samræmi við ofanritað, skal kjörstjórn koma saman.

Kjörstjórn sér um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu og skal í öllu fara eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur. Þegar allsherjaratkvæðagreiðsla er viðhöfð eru úrslit hennar endanleg afgreiðsla félagsins á því máli sem kosið var um.

Sé kosningu stjórnar einhverrar deildar félagsins fyrir næsta ár ekki lokið fyrir aðalfund félagsins, skal stjórn félagsins halda aðalfund viðkomandi deildar, þar sem henni er kosin stjórn.

### **16. grein.**

Stjórn félagsins hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda, sem hún boðar þegar henni þykir ástæða til, sbr. ennfremur 20. gr. Stjórnin ræður starfsmenn félagsins og semur við þá um laun og vinnuskilyrði. Ennfremur ákveður stjórnin hvort félagsmönnum skuli greidd þóknun fyrir einhver tiltekin störf í þágu félagsins og þá hversu mikil.

Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eigum félagsins, varðveislu þeirra og viðhaldi. Skylt er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu félagsins sé sem best varðveitt. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið, er honum skylt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varða.

## **SKYLDUR STJÓRNARMANNA**

### **17. grein.**

Formaður kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim.

Hann metur hvenær þörf sé á að halda fund, en auk þess er honum skylt að boða stjórnina til fundar ef a.m.k. 3 stjórnarmenn óska eftir því og tilgreina fundarefni.

Formaður undirritar gerðabækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn sinni þeim störfum sem þeim hafa verið falin. Hann hefur eftirlit með störfum starfsmanna félagsins og gætir þess að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum.

Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna.

### **18. grein.**

Ritari félagsins ber ábyrgð á að gerðabækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir og lagabreytingar.

Hann undirritar gerðabækur félagsins ásamt formanni. Gerðabækur skulu tryggilega varðveittar á aðalskrifstofu félagsins.

Heimilt er að hljóðrita fundi félagsins.

### **19. grein.**

Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins, innheimtu félagsgjalda og bókhaldi í samráði við félagsstjórn. Skal hann tafarlaust gera stjórninni aðvart, ef hann telur einhverju ábótavant í þessum efnum, svo stjórnin geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

## FÉLAGSFUNDIR OG AÐALFUNDUR

### 20. grein.

Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn álitur þess þörf eða minnst 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Fundir skulu boðaðir með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara með auglýsingu í Ríkisútvarpinu eða á annan hátt sem tryggir að boðunin nái til félagsmanna án tillits til búsetu. Þó má í sambandi við vinnudeilur og verkfallsboðanir boða fund með skemmri fyrirvara, en áhersla skal þó lögð á að boða þá svo vel sem tök eru á.

Fundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Fundum skal stjórnað í samræmi við fundarsköp félagsins og almennar fundarreglur.

Óski félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við því.

### 21. grein.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í apríl eða maí ár hvert. Hann skal boðaður með dagskrá með minnst 7 daga fyrirvara og er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera þessir:

- 1) Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
- 2) Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
- 3) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna.
- 4) Lagabreytingar, ef tillögur þar um liggja fyrir.
- 5) Ákvörðun félagsgjalds og hlutfall þess í vinnudeilusjóð.
- 6) Tillaga trúnaðarmannaráðs um laun stjórnar.
- 7) Önnur mál.

## FJÁRMÁL

### 22. grein.

Sjóðir félagsins skulu vera þessir:

Félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður, vinnudeilusjóður, fræðslusjóður og bygginga-sjóður, svo og aðrir þeir sjóðir er stofnaðir kunna að verða með aðalfundarsamþykkt.

Allir sjóðir félagsins, aðrir en félagssjóður, skulu hafa sérstaka reglugerð, samþykkt á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skal fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

Félagssjóður greiðir allan almennan kostnað af starfsemi félagsins, en að öðru leyti skal hver sjóður standa straum af sínum kostnaði, samkvæmt reglugerð viðkomandi sjóðs.

### **23. grein.**

Kjörnir skoðunarmenn félagsins skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár, sem er almanaksárið, og gera athugasemdir við þá, telji þeir ástæður til. Auk athugunar hinna kjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga félagsins og fjárreiður þess í lok hvers reikningsárs. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu jafnan liggja frammi á skrifstofum félagsins eigi skemur en 7 daga fyrir aðalfund, þannig að félagsmönnum gefist kostur á að kynna sér þá áður en þeir koma á aðalfund.

## **ÖNNUR ÁKVÆÐI**

### **24. grein.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé þess getið í fundarboði að lagabreytingar séu á dagskrá. Ennfremur skulu breytingarnar áður hafa verið ræddar á almennum félagsfundi minnst viku fyrir aðalfund. Tillögu til lagabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Breytingar á lögum taka því aðeins gildi, að þær séu samþykktar með 2/3 hlutum greiddra atkvæða og koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn A.S.Í. og stjórnir sambanda sem félagið er aðili að hafa samþykkt þær.

### **25. grein.**

Komi fram tillaga um að slíta félaginu, verður það því aðeins gert, að ¾ hlutar allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Verði samþykkt að leggja félagið niður, skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað verkalýðsfélag með sama tilgangi er stofnað á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna, að áskildu samþykki miðstjórnar A.S.Í.

Sami háttur skal á hafður um varðveislu eigna félagsins ef starfsemi þess leggst niður án þess að formleg samþykkt þar um hafi verið gerð.

Um úrsögn úr ASÍ eða samtökum sem eiga aðild að ASÍ fer skv. lögum ASÍ eins og þau eru á hverjum tíma.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga 4. sept. 2005.